

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 103/2007

frá 28. september 2007

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2007 frá 6. júlí 2007 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/583/EB frá 17. ágúst 2006 um að stemma stigu við og draga úr eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í korni og kornafurðum ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/142/EB frá 22. desember 2006 um breytingu á skránni í III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB yfir innihaldsefni sem skylt er að tilgreina í merkingu matvæla ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006 frá 22. desember 2006 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/7/EB frá 14. febrúar 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir atrasín, lambda-sýhalótrín, fenmedífam, metómýl, línúron, penkonasól, pímetrósín, bífentrín og abamektín ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/12/EB frá 26. febrúar 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir penkonasól, benómýl og karbendasím ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/8/EB frá 20. febrúar 2007 um breytingu á viðaukum við tilskipanir ráðsins 76/895/EBE, 86/362/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir fosfamídon og mevínfos ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/9/EB frá 20. febrúar 2007 um breytingu á viðaukanum við tilskipun ráðsins 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir aldíkarb ⁽⁸⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 13.12.2007, bls. 18, og EES-viðbætur nr. 60, 13.12.2007, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 234, 29.8.2006, bls. 35.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 110.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 75.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 19.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 59, 27.2.2007, bls. 75.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 9.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 17.

- 9) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/11/EB frá 21. febrúar 2007 um breytingu á tilteknum viðaukum við tilskipanir ráðsins 86/362/EBE, 86/363/EBE og 90/642/EBE að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, þíaklópríð, ímasósúlfúron, metoxýfenósíð, S-metólaklór, milbemektín og tríbenúron⁽⁹⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (tilskipun ráðsins 76/895/EBE):
„– **32007 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/8/EB frá 20. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 9).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 18. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB):
„– **32006 L 0142**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/142/EB frá 22. desember 2006 (Stjtið. ESB L 368, 23.12.2006, bls. 110).“
3. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 38. lið (tilskipun ráðsins 86/362/EBE):
„– **32007 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/7/EB frá 14. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 19),
– **32007 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/8/EB frá 20. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 9),
– **32007 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/11/EB frá 21. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 26).“
4. Eftirfarandi undirliður bætist við í 39. lið (tilskipun ráðsins 86/363/EBE):
„– **32007 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/11/EB frá 21. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 26).“
5. Eftirfarandi undirliðir bætist við í 54. lið (tilskipun ráðsins 90/642/EBE):
„– **32007 L 0007**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/7/EB frá 14. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 43, 15.2.2007, bls. 19),
– **32007 L 0012**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/12/EB frá 26. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 59, 27.2.2007, bls. 75),
– **32007 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/8/EB frá 20. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 9),
– **32007 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/9/EB frá 20. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 17),
– **32007 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/11/EB frá 21. febrúar 2007 (Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 26).“

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 63, 1.3.2007, bls. 26.

6. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 54zzza (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/125/EB):
- „54zzzb. **32006 R 2023**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2023/2006 frá 22. desember 2006 um góða framleiðsluhætti að því er varðar efni og hluti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli (Stjtið. ESB L 384, 29.12.2006, bls. 75).“
7. Eftirfarandi liður bætist við undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ á eftir 60. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/108/EB):
- „61. **32006 H 0583**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2006/583/EB frá 17. ágúst 2006 um að stemma stigu við og draga úr eiturefnum sveppa af ættkvíslinni *Fusarium* í korni og kornafurðum (Stjtið. ESB L 234, 29.8.2006, bls. 35).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2023/2006, tilskipana 2006/142/EB, 2007/7/EB, 2007/12/EB, 2007/8/EB, 2007/9/EB og 2007/11/EB og tilmæla 2006/583/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. september 2007 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Stefán Haukur Jóhannesson

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.